



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 10. ágúst 2021

Bikarkeppni mfl. karla og kvenna

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 9. ágúst sl., samþykkti stjórn breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Um er að ræða breytingar er snúa að bikarkeppni í mfl. karla og kvenna.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar:

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

Það sem samþykkt hefur verið að falli út er ~~yfirstrikað~~
Það sem samþykkt hefur verið að bætt verði í reglugerðina er **grænmerkt**

Eftirfarandi breyting hefur verið gerð á grein 23:

23.gr.
Meistaraflokkur karla

23.2. Bikarkeppni KSÍ

23.2.7. Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september. Mótanefnd **KSÍ** annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila.

Eftirfarandi breyting hefur verið gerð á grein 29:

29.gr.
Meistaraflokkur kvenna


29.2. Bikarkeppni KSÍ

29.2.8. Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september. **KSÍ** annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila.

Greinargerð

Tillögur að framangreindum breytingum voru unnar af mótanefnd KSÍ. Miða breytingar að því að nú sé ekki kveðið á um það í reglugerðinni hvenær úrslitaleikir skuli fara fram heldur aðeins á hvaða keppnisvelli. Þá hafa ákvæði um bikarkeppni mfl. karla annars vegar og bikarkeppni mfl. kvenna hins vegar verið samræmd. Þannig kveður svo á um í ákvæði 23.2.7. og 29.2.8. að KSÍ annist framkvæmd úrslitaleiks bikarkeppninnar í samráði við leikaðila.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.